



Ísafirði, 5. desember 2018.

Bolungarvíkurkaupstaður - bolungarvik@bolungarvik.is
Ísafjarðarbær - postur@isafjordur.is -
Fjallabyggð - fjallabyggd@fjallabyggd.is
Fjarðabyggð - fjardabyggd@fjardabyggd.is
Sveitarfélagið Hornafjörður - afgreidsla@hornafjordur.is

Efni: Búnaður til útsendinga útvarps í veggöngum.


Vakin skal athygli á því að Samgöngufélagið hefur með erindi, dags. 28. nóvember sl., sent umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis athugasemdir við tillögu að fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023, þingskjal 173 - 172. mál á 149. löggjafarþingi, þar sem bent er á að ekki verði séð að gert sé ráð fyrir fjármagni til uppsetningar á búnaði til útsendinga útvarps í eldri veggöngum hérlendis né sé vitað til að vinna sé í gangi til undirbúnings uppsetningu slíks búnaðar. Gert virðist ráð fyrir slíkum búnaði í þeim göngum sem nú er unnið að en eldri göng „skilin eftir“ ef svo má segja.

Ekki er annað vitað en búnaður til útsendinga útvarps sé í öllum veggöngum í nágrennalöndum okkar eins og Færeyjum og Noregi og hann skilgreindur sem hluti af öryggisbúnaði ganganna þar. Því er erfitt að sæta því að engin áform séu um að bæta úr þessu hérlendis, vegfarendum til þæginda og aukins öryggis þótt enn hafi búnaður sem þessi ekki verið skilgreindur sem formlegur öryggisbúnaður í veggöngum hérlendis, hvað sem síðar veður. Verður að telja sjálfsgagt og eðlilegt að slíkur búnaður sé í öllum veggöngum hérlendis þótt vissulega fylgi því einhver kostnaður að koma honum fyrir, einkum í þremur elstu göngunum sem jafnframt eru einbreið.

Eru fulltrúar íbúa þeirra sveitarfélaga þar sem veggöng án búnaðar til útvarpsendinga er að finna hvattir til að koma á framfæri vilja sínum í þessum efnum við gerð samgönguáætlunar.

Nálgast má umsögn Samgöngufélagsins á vef Alþingis á eftirtöldum slóðum:
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-805.pdf>
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=149&mnr=172>

F.h. Samgöngufélagsins



Jónas Guðmundsson
fyrirsvarsmaður

Afrit erindis:

Samgönguráðuneytið - srn@srn.is
Vegagerðin - vegagerdin@vegagerdin.is
Félag íslenskra bifreiðaeigenda - fib@fib.is